

Akureyri, 17. október 2023

Efni: Erindi til fjárlaganefndar Alþingis vegna Miðgarðakirkju í Grímsey.

Eins og þekkt er þá brann Miðgarðakirkja í Grímsey til grunna ásamt öllum kirkjumunum að kvöldi 21. september 2021. Slökkvilið eyjarinnar fékk ekki rönd við reist og kirkjan varð alelda á örskömmum tíma.

Grímseyingar voru strax staðráðnir í byggja nýja kirkju enda hafði Miðgarðakirkja verið friðuð, langelsta hús Grímseyjar og sameiningartákn eyjarskeggja. Í kirkjunni hafa margar kynslóðir Grímseyinga átt sínar stærstu stundir bæði í sorg og gleði. Bruninn var því mikið áfall fyrir fólkið í Grímsey og virðist í raun hafa snert við allri þjóðinni.

Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að bygging nýrrar kirkju myndi kosta um 103 milljónir en ákveðið var að miða við 120 milljónir króna til að taka mið af ófyrirséðum kostnaðarliðum og vegna staðsetningar verkefnisins við heimskautsbauginn.

Farið var í umfangsmikla fjáröflun og fengust styrkir og framlög úr ýmsum áttum í heild um 120 milljónir. Þar af voru um 47 milljónir frá opinberum aðilum, 5.8 milljónir frá söfnuðum og félagasamtökum, 8 milljónir í stærri styrkjum frá fyrirtækjum og um 60 milljónir í styrkjum undir 100 þúsund frá ýmsum fyrirtækjum, einkaaðilum, samtökum og öðrum. *Sjá nánar fylgiskjali 1: Yfirlit yfir styrki og framlög.*

Haustið 2022, einu ári eftir brunann, stóð til að kirkjan yrði tilbúin að utan en það markmið náðist því miður ekki. Þrátt fyrir það var fyrsta athöfnin í nýrri kirkju haldin 21. september í nær fokheldu guðshúsinu.

Fljótlega upp úr þessu kom í ljós að ekki hafði verið haldið nægilega vel utan um verkefnið og reyndist kostnaður vera talsvert hærri en áætlanir sögðu til um og allt uppsafnað fjármagn var á þrotum. Ákveðið var því að stöðva allar framkvæmdir, verkefnastjórnin sem ráðinn hafði verið til að halda utan um verkefnið lét af störfum og sömuleiðis húsasmíðameistari verksins. Gerð var stöðuúttekt á verkinu af óháðum aðila fyrir hönd Akureyrarbæjar í júlí 2023.

Fram að hausti 2023 lá verkefnið því í dvala en þá var ákveðið að byrja að mjaka því áfram að nýju og framkvæma í takt við það sem fjármagn leyfði. Í haust hefur náðst að klára viðbyggingu við kirkjuna að innan en til þess fékkst fjármagn úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Viðbyggingin mun hýsa almenningssalerni eyjunnar.

Út frá stöðuúttektinni sem gerð var í júlí 2023 og samkvæmt kostnaðarmati sem Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Ingvar Blængsson verkfræðingur gerðu í október 2023 má gera ráð fyrir að það kosti tæpar **47 milljónir króna að klára kirkjuna.**

Helstu verk- og kostnaðarliðir felast í:

- Laga og klára þakið, þ.m.t. þakskífurnar, flasningar og setja upp klukkur – u.þ.b. 4.8 milljónir
- Frágangur á gólfi, kaup á flísum og flísalögn – u.þ.b. 5,4 milljónir
- Frágangur að innan (klæðning (vegg og loft), innréttingar, stigi upp í klukkuturn, stólar) – u.þ.b. 18 milljónir
- Rafkerfi, lýsing, hljóðkerfi og öryggiskerfi - u.þ.b. 10.800 milljónir
- Altari - u.þ.b. 2 milljónir
- Málun – u.þ.b. 1.5 milljónir


Sjá má nánari útlístun á eftirstandandi verkefnum í fylgiskjali 2: Kostnaðarmat. Sjá einnig til upplýsinga meðfylgjandi aðaltekningar af [kirkju hér](#).

Með þessu erindi viljum við biðla til fjárlaganefndar að koma til móts við íbúa í Grímsey og hjálpa þeim að brúa það bil sem eftir er til að geta klárað kirkjuna með þeirri virðingu og reisn sem hún og íbúar í eyjunni eiga sannarlega skilið.

Nánari upplýsingar veita:

Alfreð Garðarsson, sóknarnefndarformaður, netfang: gagga@simnet.is, sími 896 3048
Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, netfang: hjorleifur@gullinsnid.is, sími 5626628
Kristján Eldjárn Hjartarson, byggingarstjóri kirkjunnar, netfang: keld@simnet.is, sími 846 3390

Virðingarfyllst,



Alfreð Garðarsson

Sóknarnefndarformaður Miðgarðakirkju